

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 105/2021**

**frá 19. mars 2021**

**um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1634 frá 4. nóvember 2020 um leyfi til að setja á markað sykrur sem eru fengnar úr aldinkjöti af kakótré (*Theobroma cacao* L.) sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki eiga við að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki við um Liechtenstein.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*I. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 124b (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/2470):

„– **32020 R 1634**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1634 frá 4. nóvember 2020 (Stjtið. ESB L 367, 5.11.2020, bls. 39).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 186. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1993):

„187. **32020 R 1634**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1634 frá 4. nóvember 2020 um leyfi til að setja á markað

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 367, 5.11.2020, bls. 39.

sykrur sem eru fengnar úr aldinkjöti af kakótré (*Theobroma cacao* L.) sem nýfæði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (Stjtið. ESB L 367, 5.11.2020, bls. 39).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/1634, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 20. mars 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 19. mars 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Clara Ganslandt**

*formaður.*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.